

**Fundargerð 42. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**  
**Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 22. janúar 2018 kl. 13.00**

**Dagskrá:**

1. Áhersluverkefni frá Norðurlandi eystra og Suðurlandi
2. Mótun nýrrar byggðaaáætlunar 2018-2024
3. Markmið málefnasviða ráðuneyta
4. Skýrsla landshlutanevndar fyrir Norðurland vestra – afdrif verkefna
5. Erindisbréf stýrihóps Stjórnarráðsins um og byggðamál
6. Önnur mál

**Mætt:** Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (SSR), Björn Helgi Barkarson (UAR), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Sigurður Guðmundsson (FJR), Stefanía Traustadóttir (SSR), Héðinn Unnsteinsson (FOR), Páll Brynjarsson (landshlutasamtökunum), Hermann Sæmundsson (SSR, vék af fundi kl. 13:30) og Sigríður K. Þórgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

**Í símasambandi:** Árni Ragnarsson (Byggðastofnun)

**Fjarverandi:** Anna Katrín Vilhjálmisdóttir (UTN), Karl Björnsson (Sambandinu), Þórarinn Sólmundarson (MMR), Þór G. Þórarinsson (VEL) og Helga Haraldsdóttir (ANR).

Fundargerð 41. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

**Umfjöllun og afgreiðsla:**

**1. Áhersluverkefni frá Norðurlandi eystra og Suðurlandi**

Áhersluverkefni frá Norðurlandi eystra (Raforkuöryggi á Norðurlandi eystra) og Suðurlandi (Hugmyndasamkeppni um nýtingu varmaorku og Umhverfis Suðurland), voru send fundarmönnum fyrir fundinn. Formaður kynnti verkefnin kallaði eftir athugasemdum. Verkefnin voru staðfest eftir nokkrar umræður.

**2. Mótun nýrrar byggðaaáætlunar 2018-2024**

Formaður greindi frá framvindu vinnu við mótun nýrrar byggðaaáætlunar fyrir árin 2018-2024. Mikil áhersla er á samþættingu áætlana. Í skjalinu eru 38 aðgerðir sem verið er að fara yfir, meðal annars út frá stjórnarsáttmálanum. Enn vantar upplýsingar um fjármögnun og eftir er að eiga lokafund með þeim ráðuneytum sem gert er ráð fyrir að séu í ábyrgð fyrir tiltekna aðgerðir. Nokkrar umræður urðu um þennan lið.

**3. Markmið málefnasviða ráðuneyta**

Málefnasvið Stjórnarráðsins eru 34 og málaflokkarnir samtals 101 talsins. Fyrir þessa málaflokka eru um 180 markmið. Á Borgarnesfundinum í nóvember s.l. var rætt um að hver fulltrúi í stýrihópnum fari yfir markmið síns ráðuneytis m.t.t. byggðasjónarmiða. Landshlutasamtökin geti í kjölfarið haft markmiðin til hliðsjónar þegar kemur að samþættingu við aðrar opinberar áætlanir. Í kjölfar síðasta fundar stýrihópsins sendi verkefnisstjóri póst með beiðni um að hver fulltrúi fari yfir markmið málaflokka sinna ráðuneyta og

taki saman lista þar sem vísað er í þau markmið sem hafa byggðavinkil. Ekkert hefur enn gerst í þessu máli og formaður lagði til að á næstu fundum stýrihóps kynni ráðuneytin hvaða markmið innan þeirra málefnasviða eru með byggðavinkil. Þá stendur yfir vinna í ráðuneytum við að yfirfara markmið í fjármálaáætlun. Fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytisins sendir verkefnisstjóra samantekt með markmiðum allra málefnasviða og málaflokka fjármálaáætlunar 2018-2022. Slík samantekt verði annars vegar fyrir byggðarýni ráðuneytanna og hins vegar vinnuþagg fyrir landshlutasamtökin.

#### **4. Skýrsla landshlutanefndar fyrir Norðurland vestra – afdrif verkefna**

Framhald frá síðasta fundi. Formaður greindi frá því að afdrif 13 af 14 verkefnum liggja fyrir, en öll verkefnið komust til framkvæmda. Formaður hefur upplýst SSSNV um stöðuna.

#### **5. Erindisbréf stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál**

Skipunartími stýrihóps Stjórnarráðsins eru þrjú ár, en skipunarbréfið rann út um þessi áramót. Formaður fór í gegnum nokkra punkta um þetta mál og mun vinna það áfram. Tilnefningarbréfið var einnig rætt og hvert eigi að vera innihald hvors um sig. Formaður sendir gögn á stýrihópinn til skoðunar.

#### **6. Önnur mál**

Lokið er sex af átta samningsbundnum fundum með landshlutasamtökum. Fundirnir hafa verið í Borgarnesi, Egilsstöðum, Ísafirði, Akureyri, Selfossi og Reykjavík. Næsti fundur verður í Keflavík n.k. miðvikudag 24.01. og sá síðasti á Sauðárkróki 27. febrúar, en þessir tveir fundir hafa frestast nokkuð.

Samráðsfundur stýrihópsins og landshlutasamtaka var haldinn mánudaginn 15. janúar í Reykjavík. Megin tilgangur fundarins var framsetning áhersluverkefna og samþætting áætlana. Sigurður Ingi Jóhannsson ráðherra byggðamála ávarpaði fundinn. Ragnhildur Hjaltadóttir ráðuneytisstjóri fjallaði um samþættingu áætlana og Héðinn Unnsteinsson fræddi fundargesti um hvernig best sé staðið að markmiðssetningu áhersluverkefna.

Einnig var fundur um umsóknagáttina með landshlutasamtökum og Prógrammi 16. janúar.

Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa frest til 19. mars að skila áhersluverkefnum og árlegum greinargerðum skal skilað 1. febrúar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:50.